

## Lög Félags háskólakennara - Breytingar

### 2. grein var:

„Hlutverk félagsins er:

1. Að vinna að bættri starfsaðstöðu félagsmanna.
2. Að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna.
3. Að vera í fyrirsvari fyrir félagsmenn gagnvart skyldum innlendum og erlendum félagssamtökum.
4. Að stuðla að samstöðu meðal félagsmanna og efla kynni meðal þeirra.
5. Að efla skilning alþjóðar á þeim málum, er horfa til framfara fyrir Háskóla Íslands. „

### 2. grein verður:

*Hlutverk félagsins er:*

1. Að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna og fara með samningsumboð fyrir félagsmenn.
2. Að upplýsa félagsmenn um réttindi þeirra og skyldur.
3. Að stuðla að samvinnu og samstöðu meðal félagsmanna.
4. Að efla sýmenntun félagsmanna og stuðla að eflingu rannsókna
5. Að vera í fyrirsvari fyrir félagsmenn gagnvart skyldum innlendum og erlendum félagasamtökum

---

### 3. grein var:

„Félagsmenn í Félagi háskólakennara geta orðið starfsmenn Háskóla Íslands og tengdra stofnana sem hafa a.m.k. BA/BS próf eða sambærilegt próf frá viðurkenndum háskóla og gegna að lágmarki 1/3 hluta starfs við Háskóla Íslands eða tengdar stofnanir. Félagsmenn eru annað hvort með fulla aðild eða aukaaðild að félaginu sbr. tölusetta liði hér að neðan. Aukafélagar hafa fullt málfrelsi og tillögurétt í félaginu en ekki atkvæðisrétt, kosningarétt eða kjörgengi. Þó er heimilt að veita aukafélögum atkvæðisrétt um sín sérmál, samkvæmt ákvörðun meirihluta félagsfundar hverju sinni.

### Rétt til fullrar aðildar eiga:

1. Kennarar og sérfræðingar sem hlotið hafa hæfnisdóm (lektorar, dósentar, prófessorar, sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn) að því tilskildu að um aðalstarf sé að ræða og þeir eigi ekki aðild að öðru stéttarfélagi, eða tilkall til aðildar að öðru stéttarfélagi vegna hærra starfshlutfalls utan Háskóla Íslands eða tengdra stofnana.

2. Aðjunktar að því tilskildu að um aðalstarf sé að ræða og þeir eigi ekki aðild að öðru stéttarfélagi, eða tilkall til aðildar að öðru stéttarfélagi vegna hærra starfshlutfalls utan Háskóla Íslands eða tengdra stofnana.

3. Aðrir sem lokið hafa háskólaprófi og ráðnir eru til starfa við stjórnun, rannsóknir eða þjónustu að því tilskildu að um aðalstarf sé að ræða og þeir eigi ekki aðild að öðru stéttarfélagi, eða tilkall til aðildar að öðru stéttarfélagi vegna hærra starfshlutfalls utan Háskóla Íslands eða tengdra stofnana.

### Rétt til aukaaðildar eiga:

1. Kennarar og sérfræðingar sem hlotið hafa hæfnisdóm en uppfylla ekki önnur skilyrði, eitt eða fleiri, sem sett eru fram í 1. tölulið.

2. Þeir sem ráðnir eru tímabundinni ráðningu að hámarki til tveggja ára á grundvelli rannsóknastyrkja þ.m.t. nemendur í meistara - eða doktorsnámi sem starfa við tímabundin verkefni undir leiðsögn kennara sinna.

Frá og með 1. júní 2003 skal leita samþykkis stjórnar Félags háskólakennara á aðild nýrra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana að Félagi háskólakennara. Samþykki stjórnar félagsins skal liggja fyrir þegar ráðningarsamningur er undirritaður; fyrr verður félagsaðild ekki virk. Félagsmenn sem

uppfylla ekki skilyrði um félagsaðild (hvorki um aukaaðild né um fulla aðild) og ráðnir voru til starfa fyrir 1. júní 2003 hafa rétt til aukaaðildar að Félagi háskólakennara meðan ráðning helst óslitin. Verði hins vegar rof á ráðningu í meira en 12 mánuði sem ekki má rekja til fæðingarorlofs eða annarra jafngildra ástæðna fer það eftir gildandi ákvæðum í lögum félagsins hvort viðkomandi hefur rétt til aðildar að Félagi háskólakennara eða ekki.“

### **3. grein verður:**

*Félagsmenn í Félagi háskólakennara geta orðið starfsmenn Háskóla Íslands og tengdra stofnana<sup>1</sup> sem hafa a.m.k. BA/BS próf eða sambærilegt próf frá viðurkenndum háskóla. Félagsmenn eru annað hvort með fulla aðild eða aukaaðild að félaginu sbr. tölusetta liði hér að neðan. Aukafélagar hafa fullt málfrelsi og tillögurétt í félaginu en ekki atkvæðisrétt, kosningarétt eða kjörgengi. Þó er heimilt að veita aukafélögum atkvæðisrétt um sín sérmál, samkvæmt ákvörðun meirihluta félagsfundar hverju sinni.*

#### **Rétt til fullrar aðildar eiga:**

1. Kennarar og sérfræðingar sem hlotið hafa hæfnisdóm (lektorar, dósentar, prófessorar, sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn), fastráðnir, ráðnir tímabundnir með möguleika á ótímabundinni ráðningu eða ráðnir tímabundið til að minnsta kosti tveggja ára, að því tilskildu að um aðalstarf sé að ræða og þeir eigi ekki aðild að öðru stéttarfélagi, eða tilkall til aðildar að öðru stéttarfélagi vegna hærra starfshlutfalls<sup>2</sup> utan Háskóla Íslands eða tengdra stofnana.

2. Aðjuntar, fastráðnir eða ráðnir tímabundið til að minnsta kosti tveggja ára, að því tilskildu að um aðalstarf sé að ræða og þeir eigi ekki aðild að öðru stéttarfélagi, eða tilkall til aðildar að öðru stéttarfélagi vegna hærra starfshlutfalls utan Háskóla Íslands eða tengdra stofnana.

3. Aðrir sem lokið hafa háskólaprófi og ráðnir eru til starfa við stjórnun, rannsóknir eða þjónustu, fastráðnir, ráðnir tímabundnir með möguleika á ótímabundinni ráðningu eða ráðnir tímabundið til að minnsta kosti tveggja ára, að því tilskildu að um aðalstarf sé að ræða og þeir eigi ekki aðild að öðru stéttarfélagi, eða tilkall til aðildar að öðru stéttarfélagi vegna hærra starfshlutfalls utan Háskóla Íslands eða tengdra stofnana.

#### **Rétt til aukaaðildar eiga:**

1. Aðrir kennarar, sérfræðingar og starfsfólk í stjórnáslu sem eiga aðild að öðru stéttarfélagi, eða tilkall til aðildar að öðru stéttarfélagi vegna hærra starfshlutfalls utan Háskóla Íslands eða tengdra stofnana.

2. Þeir sem ráðnir eru tímabundinni ráðningu á grundvelli rannsóknastyrkja þ.m.t. nýdóttorar og nemendur í meistara - eða doktorsnámi sem starfa við tímabundin verkefni undir leiðsögn kennara sinna<sup>3</sup>.

---

### **4. grein var:**

„Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda í síðasta lagi í maí ár hvert. Skal til hans boðað með minnst þriggja vikna fyrirvara og er hann þá lögmætur. Dagskrá og tillögur um lagabreytingar, ef fram koma, skulu sendar félagsmönnum viku fyrir aðalfund. Á aðalfundi ræður afl atkvæða í öllum málum nema þeim, sem snerta breytingu á lögum félagsins. Til lagabreytinga þarf 2/3 atkvæða þeirra, sem á fundi eru og greiða atkvæði.“

### **4. grein verður:**

*Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda í síðasta lagi í maí ár hvert. Skal til hans boðað með rafrænum hætti með minnst þriggja vikna fyrirvara og er hann þá lögmætur. Dagskrá og tillögur um lagabreytingar, ef fram koma, skulu sendar félagsmönnum viku fyrir aðalfund. Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða þeirra sem á fundi eru og greiða atkvæði í öllum málum nema þeim, sem snerta breytingu á lögum félagsins. Til lagabreytinga þarf 2/3 atkvæða þeirra, sem á fundi eru og greiða atkvæði.*

### **5. grein var:**

„Dagskrá aðalfundar sé:

1. Lögð fram ársskýrsla
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Ákveðið félagsgjald , sbr. 7. grein og hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð sbr. 3. gr. sjóðsins .
4. Tillögur um lagabreytingar, ef fram koma.
5. Kosin stjórn, sbr. 9. grein.
6. Kosin kjörnefnd, sbr. 9. grein.
7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
8. Kosin samninganefnd, sbr. 10. grein.
9. Önnur mál“

### **5. grein verður:**

Dagskrá aðalfundar sé:

1. Lögð fram ársskýrsla
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Ákveðið félagsgjald og hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð sbr. 3. gr. reglna um sjóðinn.
4. Tillögur um lagabreytingar, ef fram koma.
5. Kosin stjórn, sbr. 9. grein.
6. Kosin kjörnefnd, sbr. 9. grein.
7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
8. Önnur mál.

---

### **7. grein var:**

„Félagsgjald félagsmanna skal ákveðið á aðalfundi ár hvert . Heimilt er stjórn að endurgreiða félagsmanni félagsgjöld allt að 10 ár aftur í tímann vegna tímabundins launamissis eða annarra fjárhagslegra ástæðna.“

### **7. grein verður:**

*Grein 7 fellur brott.*

---

### **Grein 8 var: (verður 7)**

„Tillögum um lagabreytingar skal skilað til stjórnar eigi síðar en tveim vikur fyrir aðalfund og skal þess þá getið sérstaklega með dagskrá viku fyrir aðalfund að tillaga til lagabreytinga verði tekin til meðferðar á fundinum og efni hennar lýst.“

### **Grein 7 verður:**

*Tillögum um lagabreytingar skal skilað til stjórnar eigi síðar en tveim vikum fyrir aðalfund. Þess skal þá sérstaklega getið með dagskrá a.m.k. viku fyrir aðalfund að tillaga til lagabreytinga verði tekin til meðferðar á fundinum og efni hennar lýst.*

---

### **9. grein var: (verður 8)**

„Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum, formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum, sem kjörnir eru skriflega, ef þess er óskað. Formann skal kjósa sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnarkjóri skal haga þannig, að árlega sé kosinn formaður og þrír stjórnarmenn. Er formaður kjörinn til eins árs, en stjórnarmenn til tveggja ára.

Á aðalfundi skal kjósa þriggja manna kjörnefnd, sem starfar til loka næsta aðalfundar. Tilkynningar um framboð til stjórnar skulu berast kjörnefnd eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Hafi eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða. Framboð til stjórnar sem kosið er um á aðalfundi skal birtast með fundarboði til aðalfundar.“

**Grein 8 verður:**

*Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum, formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum, sem kjörnir eru skriflega, ef þess er óskað. Formann skal kjósa sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnarkjóri skal haga þannig, að árlega sé kosinn formaður og þrír stjórnarmenn. Formaður er kjörinn til eins árs, en stjórnarmenn til tveggja ára.*

*Á aðalfundi skal kjósa þriggja manna kjörnefnd, sem starfar til loka næsta aðalfundar. Tilkynningar um framboð til stjórnar skulu berast kjörnefnd ekki síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Hafi ekki borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða. Framboð til stjórnar sem kosið er um á aðalfundi skal birtast með fundarboði til aðalfundar.*

---

**10. grein var: (verður 9)**

„Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins með þeim takmörkunum, sem lög þessi setja. Stjórn félagsins skal jafnan að meirihluta skipuð starfsmönnum í fullu og föstu starfi. Sérstök samninganefnd hefur með höndum kjarasamninga fyrir hönd félagsins í umboði stjórnar. Samninganefndin skal kosin á aðalfundi til eins árs í senn.“

**Grein 9 verður:**

*Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins með þeim takmörkunum, sem lög þessi setja. Stjórn félagsins er jafnframt samninganefnd þess og fer með gerð kjarasamninga fyrir þess hönd. Hún kallar til samningastarfa trúnaðarmenn, starfsmenn og sérfræðinga eftir þörfum.*

---

**11. grein var (verður gr. 10)**

„Stjórnarfundur skal boða með tryggilegum hætti og með eins dags fyrirvara ef unnt er. Stjórnarfundur er ályktunarfær, ef þrír stjórnarmenn hið fæst sækja fund og sitja. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns (varaformanns). Gerðir stjórnarinnar skulu bókfærðar.“

**Grein 10 verður:**

*Stjórnarfundur skal boða með tryggilegum hætti, alla jafna með viku fyrirvara en með a.m.k. eins dags fyrirvara ef svo ber undir. Stjórnarfundur er ályktunarfær, ef fjórir stjórnarmenn hið fæsta sækja fund og sitja. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns (varaformanns). Gerðir stjórnarinnar skulu bókfærðar.*

---

**12. grein var (verður 11)**

„Sjóði félagsins skal ávaxta á sem hagfelldastan hátt, í banka eða ríkistryggðum skuldabréfum. Til að greiða út af vaxtareikningum félagsins skal stjórn félagsins samþykkja það með atkvæðum stjórnarformanns og tveggja annarra stjórnarmanna. Ef greiða á upphæð umfram tvær milljónir (mv. verðlag í maí 2012) skal kalla saman félagsfund og tilkynna fundarefni. Fundargerð skal fylgja hverri úttekt umfram eina milljón.“

**Grein 11 verður:**

*Sjóði félagsins skal ávaxta á sem hagfelldastan hátt, í banka eða ríkistryggðum skuldabréfum. Til að greiða út af vaxtareikningum félagsins skal stjórn félagsins samþykkja það með atkvæðum stjórnarformanns og tveggja annarra stjórnarmanna. Ef greiða á upphæð umfram 2,5 milljónir (mv. verðlag í maí 2018) skal kalla saman félagsfund og tilkynna fundarefni. Fundargerð skal fylgja hverri úttekt umfram eina milljón.*

### **13. grein var (verður 12)**

„Almennan fund skal að jafnaði boða með minnst þriggja daga fyrirvara. Þá er almennur fundur lögmætur, ef hann er löglega boðaður.“

#### ***Grein 12 verður:***

*Félagsfund skal að jafnaði boða með minnst þriggja daga fyrirvara. Þá er félagsfundur lögmætur, ef hann er löglega boðaður.*

---

### **14. grein var (verður gr. 13)**

„Skylt er stjórn að boða til aukafundar, ef minnst tuttugu félagsmenn krefjast þess.“

#### ***Grein 13 verður:***

*Skylt er stjórn að boða til félagsfundar, ef minnst tuttugu félagsmenn krefjast þess.*

---

### **15. grein var (verður 14)**

„Heimilt er að stofna deildir innan félagsins, er starfi að tilteknum áhugamálum einstakra hópa félagsmanna. Þær setja sér eigin starfsreglur og fjárreiður þeirra eru aðskildar frá fjárreiðum félagsins.“

#### ***Grein 14 verður:***

*Heimilt er að stofna deildir innan félagsins, er starfi að tilteknum áhugamálum einstakra hópa félagsmanna. Þær setja sér eigin starfsreglur og fjárreiður þeirra eru aðskildar frá fjárreiðum félagsins.*

---

### **16. grein var (verður gr. 15)**

„Félaginu er heimilt að starfa með öðrum félögum að einhverju eða öllu leyti að markmiðum félagsins sem fram koma í 2. grein.“

#### ***Grein 15 verður:***

*Félaginu er heimilt að starfa með öðrum félögum að einhverju eða öllu leyti að markmiðum félagsins sem fram koma í 2. grein.*

---

1 Með Háskóla Íslands og tengdum stofnunum er átt við þær stofnanir sem aðild eiga að stofnanasamningi Félags háskólakennara. Þær eru nú auk Háskóla Íslands og þeirra stofnana sem heyra undir háskólaráð: Landsbókasafn Íslands  
- Háskólabókasafn, Raunvísindastofnun Háskólans, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

2 Sbr. til hliðsjónar 1. mgr. 1. gr., 1. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

3 Sbr. til hliðsjónar 2. mgr. 41. grein laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

---

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi 11.febrúar 1969. Með þeim voru felld úr gildi lög Félags starfsmanna Háskóla Íslands frá 20.apríl 1942.

Breytingar voru gerðar á þeim á aðalfundum 16.11 1976, 01.11 1985, 23.05 1991, 15.05 1996, 21.05.1997, 11.05.1999, 22.05.2000, 28.05.2003, 01.06.2010, 23. maí 2012, 16. maí 2013, 27. maí 2014, 12. maí 2015, 19. maí 2016 og 16. maí 2017.